

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 9. maí 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:**1. Grunnskólinn.**

a) Ráðning skólastjóra

Sveitarstjóri og formaður skólanefndar Birna Sveinsdóttir gerðu grein fyrir tillögum sínum um val á umsækjendum til að gegna skólastjórastöðu við Höfðaskóla sbr. hreppsnefndarfundur 26. apríl s.l. Þau gerðu grein fyrir að tekin hafi verið viðtöl við þá umsækjendur sem þau teldur koma helst til greina og í framhaldi af því og eftir annan samanburð á umsækjendum mæli þau með að Hildur Ingólfssdóttir verði ráðin í starfið. Hreppsnefnd samþykkti að fela sveitarstjóra og formanni skólanefndar að ganga til samninga við Hildi um starfið en áður verði skólanefnd verið gefið tækifæri til að fjalla um málið.

b) Fundargerð skólanefndar, 4. maí 2005.

Fundargerðin var samþykkt.

2. Þriggja ára áætlun Höfðahrepps 2006-2008.

Fyrir fundinum lágu drög að þriggja ára áætlun sem sveitarstjóri kynnti.

Hreppsnefnd ræddi drögin en fól sveitarstjóra að vinna áfram að áætluninni og vísaði áætlunardrögum til annarrar umræðu.

3. Atvinnumál

Oddviti greindi frá stöðu fyrirtækjaleitar sem unnið hefur verið að í samstarfi við fyrirtækjasvið Landsbankans. Nokkur mál voru rædd sem hafa verið til skoðunar. Málið var til kynningar.

4. Ársfjórðungsskýrsla Landsbankans vegna eignastýringar.

Fyrir fundinum lá skýrsla um eignastýringu þar sem gerð er grein fyrir ávöxtun fjármuna sem eignastýringin hefur í vörslu. Hreppsnefndarmenn ræddu skýrsluna og helstu niðurstöður hennar.

Skýrslan var til kynningar.

5. Bréf: "Bærinn minn ehf." dags. 28.04.2005.

Í erindinu er óskað eftir rekstrarstyrk. Hreppsnefnd taldi ekki fært að verða við erindinu af samkeppnisástæðum.

**Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir**

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir